

**Ed.**

**484. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um girðingar.

Mál þetta er fram komið frá nefnd, er háttv. Nd. skipaði til að athuga landbúnaðarmál landsins og hefir háttvirt Nd. samþykkt það óbreytt eins og það kom frá nefndinni.

Nefndin felst fullkomlega á aðalástæður þær, sem landbúnaðarnefndin hefir fært frumvarpinu til meðmæla í athugasemdum þeim, er hún lét fylgja því. Vér teljum því rétt að mæla með því, að málið sé látið ganga fram, og einkum leggjum vér áherzlu á, að ákvæðin um samþyktarheimildirnar í 9.—13. gr. frumv. séu nauðsynlegar og góðar réttarbætur.

Nefndin hefir leyft sér, að gera nokkrar breytingar á frumv., sem einkum snerta málfæri þess, og með þeim breytingum leyfir hún sér að leggja til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið.

Breytingartillögur nefndarinnar eru þessar:

1. Orðið »girðingum« í 2. línu 5. gr. falli burt.
2. Síðari málsgrein 5. gr. orðist svo: Girðingar á einstökum jörðum, sem lán er veitt til úr landssjóði, skulu teknar út við ábúaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.
3. Á eftir orðinu »girðingum« í 1. línu 8. gr. bætist inn í orðin: yfir vegi.
4. Á undan orðinu »vísvitandi« í 3. línu 8. gr. bætist inn í: Brot móti þessu og
5. Aftan við 8. gr. bætist: og skaðabótum.
6. Á undan orðinu »er« í 3. línu 13. gr. bætist inn í orðið: og, en á eftir orðinu »samþyktin« bætist inn í orðið: þá.
7. Í stað orðanna: »án staðfestingar . . . synjunarástæður« í 3. línu 13. gr. komi: ásamt synjunarástæðum.
8. Í stað setningarinnar í niðurlagi 13. gr. »Er hún . . . nær yfir« komi: Upp frá því, er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

Efri deild alþingis, 15. apríl 1909.

Stefán Stefánsson

formaður.

Jósef Björnsson

skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson.